

**HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS**

**Íslensk Orkuvirkjun Seyðisfirði ehf.**

**fær hér með  
tímabundið**

**S T A R F S L E Y F I**

**vegna persónuaðstöðu og jarðvegsvinnu  
í tengslum við virkjunarframkvæmdir Fjarðarheiði**

Kennitala fyrirtækis: 531205-0730

Aðsetur fyrirtækis: Trönuhraun 7b, 220 Hafnarfjörður

Ábyrgðarmaður: Birkir Þór Guðmundsson

Heilbrigðisnefnd Austurlands samþykkir að veita umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með vísun í ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun m.s.br.

**Um er að ræða heimild fyrir salernisaðstöðu, kaffisskúr, vatnsveitu og jarðvegsvinnu vegna virkjunar Fjarðarár með byggingu Gúls- og Bjölfsvirkjunar.**

**SKILYRÐI**

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt, sem og neðangreindum starfsleyfisskilyrðum sem um starfsemina gilda:

- Almenn skilyrði vegna mengunarvarna sbr. auglýsing nr. 582/2000.
- Sérstakar kröfur eru gerðar varðandi mengunarvarnir og vinnulags vegna staðsetningar m.t.t. vatnsverndar.

**Sérstakar kröfur:**

Aðstaðan og framkvæmdin er innan vatnasviðs Fjarðarár en úr henni er neysluvatn tekið fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns segir eftirfarandi:

**II. flokkur. Grannsvæði.**

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólans og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um **neysluvatn**. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

**III. flokkur. Fjarsvæði.**

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólans en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði,

## Fylgiskjal 22

skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

1. Vegna staðsetningar er krafa um að á svæðinu verði gætt sérstakrar varúðar við alla meðferð olíuefna. Lágmarka skal þá olíu sem geymd er á svæðinu og skal hún geymd í lekaheldum stað (gámur með lekabyttu).
2. Vinnuvélum sem notaðar verða við verkið skal vera vel viðhaldið. Þegar vélar eru ekki í notkun skal þeim komið fyrir á svæði með undirlagi sem heldur olíu og ávalt í góðri fjarlægð frá lækjum (rennandi vatni). Krafa er um að strax verði gripið til viðeigandi ráðstafana til upphreinsunar og lagfæringa verði vart við olíuleka. Krafa er um að ákveðinn starfsmaður hafi daglega það hlutverk að ganga um svæðið og skoða það m.t.t. olíusmits. Sami starfsmaður ber ábyrgð á að hreinsun fari strax fram og honum ber að láta Heilbrigðiseftirlit vita ef óhöpp verða.
3. Frárennsli salernis starfsmanna er leitt í lokaðan tank og er krafa um að fylgst verði reglulega með tankinum þannig að hann yfirfyllist ekki. Tankurinn skal tæmdur af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi heilbrigðiseftirlits.
4. Sorp skal flokkað á staðnum í samræmi við kröfur Sorpsamlags Mið-Austurlands og flutt til gámapallar á þeirra vegum. Spilliefni skal ekki geyma á svæðinu en flytja jafnóðum til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.
5. Starfsmönnum öllum sé kynnt að þeir vinna inni á vatnsverndarsvæði og hvaða þýðingu það hefur varðandi vöndun vinnubragða og umgengni almennt.

### Almennt

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Leyfishafi er ábyrgur fyrir að verklag allt stuðli að öryggi grunn- og neysluvatns. Starfsmönnum öllum skal kynnt aðstaðan og gerð grein fyrir mikilvægi þess að stuðla í hvívetna að góðri umgengni og tryggja öryggi neysluvatns Seyðisfjarðar.

Viðbragðsáætlun skal útbúin, þannig að verði vart við olíuleka, efanmengun eða annað sem gæti ógað öryggi neysluvatns eða grunnvatns, verði gripið til ráðstafana.

Leyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning fyrirtækis fellur leyfið úr gildi. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Leyfið gildir fyrir framkvæmdatíma verksins en þó ekki lengur en til 31.12.2008.

26. júlí 2006  
f.h. heilbrigðisnefndar,

Árni Jóhann Óðinsson,  
heilbrigðisfulltrúi